

SAGA2RS05

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 14:23:20 GMT

Titill

Saga rokktonlistar

Skammstöfun

SAGA2RS05

Útgáfunúmer

42

Námsgrein

saga

Viðfangsefni

rokksgaga

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Farið er yfir þróun dægurtónlistar, sérstaklega í hinum vestræna heimi. Upphaf tónlistar og þróun hennar eru skoðuð stuttlega en aðaláhersla er lögð á þróun tónlistarinnar frá 1950 til okkar tíma. Fjallað verður um helstu strauma og stefnur, s.s. rokk, popp, þjóðlagatónlist, pönk og diskó og ýmsar þekktar hljómsveitir og tónlistarmenn sem höfðu áhrif á þróun mála. Íslensk dægurtónlist verður tekin sérstaklega fyrir. Áfanganum er ætlað að efla læsi nemenda á dægurtónlist, að þeir þekki til þróunar hennar og helstu áhrifavalda. Áfanganum er einnig ætlað að efla gagnrýna og skapandi hugsun og almenna þekkingu á tónlistariðnaðinum.

Forkröfur

INNF11F05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þróun dægurtónlistar sem listforms og afþreyingariðnaðar
- Þróun íslenskrar dægurtónlistar
- Helstu áhrifavöldum í hópi flytjenda og laga -og textasmiða
- Hvernig dægurtónlist hefur haft áhrif á menningu okkar og daglegt líf
- Dægurtónlist sem áhrifavalds í sögunni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tjá sig á skýran, gagnrýnn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast í áfanganum
- Sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- Taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagsleg og menningarleg áhrif dægurtónlistar
- Meta og greina hvernig dægurtónlist getur endurspeglað söguna og stórviðburði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja þróun dægurtónlistar og getað t.d. áttað sig á mismunandi stefnum og hvaðan þær koma

- Beita gagnrýninni hugsun þegar hlustað er á tónlist til að geta áttað sig á tilgangi hennar og þeirra texta sem við hana eru samdir
- Átta sig á mikilvægi dægurtónlistar í heimsmynd okkar og hvernig tónlistariðnaðurinn virkar

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd